



Fangelsið Hólmsheiði

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

13. apríl 2022

Vísað er til skýrslu Umboðsmanns, dags. 3. nóvember 2021, um heimsókn hans á Litla-Hraun og þar sem óskað er eftir að Umboðsmaður verði upplýstur um viðbrögð Fangelsismálastofnunar og fangelsisins á Litla-Hrauni í kjölfar heimsóknarinnar. Hér eru upplýsingar um helstu viðbrögð af hálfu fangelsisyfirvalda.

4. Vistun á öryggisdeild

Peim tilmælum er beint til Fangelsisins á Litla-Hrauni og Fangelsismálastofnunar að yfirfara þær reglur sem gilda um vistun á öryggisdeild Litla-Hrauns og gera eftir atvikum á þeim breytingar í þeim tilgangi að með þeim sé ekki gengið lengra í að takmarka réttindi fanga en leiða má af lögum og grundvallarsjónarmiðum. Þá þurfa reglurnar að vera skyrar og fyrirsjáanlegar um að hvaða leyti þær takmarka réttindi fanga

Farið verður að tilmælum í skýrslu um að endurskoða og fara yfir þær reglur sem gilda um öryggisgang. Það er mat fangelsisyfirvalda að nauðsynlegt sé að hafa öryggisdeild og síðustu misseri hefur þörfin verið talsvert meiri en áður og fleiri vistast þar. Mikið magn vímuefna hefur verið í umferð á Litla-Hrauni um nokkurt skeið sem og á Hólmsheiði. Upp hafa komið ofheldismál milli fanga sem tengjast vímuefnaneyslu. Það hefur gefist vel að grípa snemma inn í aðstæður og aðskilja helstu gerendur frá öðrum og hefur þannig ástandið á almennum deildum batnað til muna. Að því sögðu er mikilvægt að bæta aðstöðu og búa þannig um hnútana að réttindi manna séu ekki skert með vistun á öryggisdeild. Rétt er að benda á að reglur um vistun fanga á öryggisdeild voru endurskoðaðar í október 2021 einmitt með þessi sjónarmið í huga. Sem stendur er hafin umfangsmeiri endurskoðun á kerfinu í heild með það að markmiði að minnka neyslu í fangelsunum, t.d. með einhvers konar hvatakerfi og aukinni virkni í fangelsinu. Í þeirri vinnu verður verður ekki síst horft til aðstæðna á öryggisgangi.

5. Aðbúnaður

Í samræmi við þau sjónarmið sem rakin eru í kafla 5.2 er þeim tilmælum beint til Fangelsisins Litla-Hrauni, Fangelsismálastofnunar og Dómsmálaráðherra að leitast við að tryggja öryggi fanga og starfsfólks á öryggisdeild, þ.á.m. við val á innréttингum, við fyrirhugaðar endurbætur á fangelsinu en jafnframt að haft verði í huga að aðbúnaður verði vistlegur og til þess fallinn að endurspeglag markmið laga

um betrun fanga. Þá er því beint til sömu aðila að taka til skoðunar hvort unnt sé að ráðast í viðaminni endurbætur sem fyrst, s.s. útisvæði.

Fangelsisyfirvöld taka undir þau atriði sem þar koma fram um aðbúnað á öryggisdeild og þá sérstaklega þörfina á því að gera deildina vistlegri og auka möguleika manna sem þar dvelja á virkni. Eins og bent var á verður farið í umfangsmiklar breytingar á Litla-Hrauni á næstu árum og er þá tækifæri að gera þessa hluti vel. Þegar hefur verið ákveðið að sérstakt útisvæði verði útbúið fyrir þá sem þar dvelja. Þessir hlutir eru nú þegar í umræðunni hjá fangelsisyfirvöldum. Fyrir stuttu var ákveðið að loka húsi 3 (gamla húsið) svo hægt væri að að taka deildirnar tvær sem þar eru í gegn og gera þær vistlegri. Reynt verður eftir fremsta megni að taka deildirnar í húsi 1 í gegn í framhaldi af þeim úrbótum.

7. Starfsfólk

Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að viðhalda með reglubundnum hætti þjálfun starfsfólks í valdbeitingu og líkamlegum tökum. Þá er þeirri ábendingu beint til fangelsisins að fylgja eftir áformum um að bjóða starfsfólk reglulega upp á sérstaka þjálfun í samskiptatækni.

Með nýju vaktkerfi fangavarða sem nú er unnið eftir eru sérstakir fræðslu- og þjálfunardagar innbyggðir í vaktkerfið og sérstök fræðslu- og þjálfunardagskrá sett upp fyrir hvert ár. Fyrir stuttu sat starfsfólk t.d. námskeið í valdbeitingu og verður fræðsla í samskiptatækni fljóttlega á dagskrá. Er þetta fyrirkomulag komið til að vera og mun verða mikilvægur þáttur í sí- og endurmenntun fangavarða. Gerð könnun á meðal starfsmanna um innihald fræðsludagskrár og voru starfsmenn sammála um mikilvægi þessarar þjálfunar og hafa þeir kallað sérstaklega eftir henni.

8. Heilbrigðisþjónusta

Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að tryggja að læknisskoðun fari fram við upphaf vistunar á öryggisdeild, eða fljóttlega á eftir, ef vistunin felur í sér einangrun eða aðskilnað.

Reynt er eftir fremsta megni að tryggja að læknisskoðun fari fram samdægurs eða daginn eftir að fangi er vistaður á öryggisgangi. Eins og gefur að skilja þá getur reynst erfitt að tryggja það í ljósi þess að heilbrigðisstarfsfólk er ekki með viðveru í fangelsum alla daga vikunnar, eru ekki starfsmenn fangelsanna og eru ekki á sérstökum bakvöktum. Geta því liðið allt að þrír sólarhringar áður en hægt er að verða við þessu. Það skal þó tekið fram að alltaf er sá möguleiki fyrir hendi að fara með fanga til læknis telji hann sig þurfa á læknisaðstoð að halda eða ef augljóslega er þörf á slíku. Þá er læknir ávallt upplýstur um það effangi er fluttur á öryggisdeild.

9. Skráning, kærur og kvartanir

Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að bæta skráningu í samræmi við þau atriði sem eru rakin hér að ofan og tryggja að þjálfun og fyrirmæli til starfsfólks í því sambandi séu fullnægjandi

Búið er að bæta leiðbeiningar til starfsmanna um skráningu og varðveislu á gögnum með breyttum verkferlum og vinnubrögðum. Bæði á þetta við um skráningar um



Fangelsið Hólmsheiði

aðkomu og þjónustu fagaðila og sérfræðinga sem og þá þjónustu og virkni sem standa föngum á öryggisgangi til boða.

Þeim tilmælum er beint til Fangelsisins Litla-Hrauni að taka verklag til endurskoðunar með það að markmiði að skýrt sé í hvaða farveg kvartanir og athugasemdir frá föngum eru settar til að þær fái viðeigandi meðferð og úrlausn innan fangelsisins eða eftir atvikum utan þess.

Talsverð vinna hefur verið lögð í það að reyna að bóka öll erindi og kvartanir frá föngum og afgreiða með formlegum haetti og með skýru verklagi. Á það ekki einungis við um öryggisdeild á Litla-Hrauni heldur allt kerfið í heild.

Virðingarfyllst

Halldór Valur Pálsson

Forstöðumaður fangelsisins Hólmsheiði